

stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., ákveðast kr. 1000.00 og greiðast úr rikissjóði.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómendurnir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar N. Jóhannsdóttur f. h. sína, Ólafs Hauks Ólafssonar og Arnfríðar Eðvaldsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 1000.00, greiðist úr rikissjóði.

Mánudaginn 22. október 1945.

Nr. 155/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f.**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Ragnheiði Árnadóttur og gagnsök

(Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. des. f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða hæfilegar skaðabætur eftir mati hæstaréttar og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði þá látinn falla niður. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum

8103 krónur í skaðabætur ásamt 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það verður eigi talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gætt þess, að allir þeir, er fara vildu úr bifreiðinni, væru farnir út og að afturdyrnar væru lokaðar, áður en hann ók af stað. Hins vegar benda framburðir vitna, sem þó eru ekki samhljóða í sumum atriðum, til þess, að gagnáfrýjandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann væri að fullu stansaður. Þegar þessa er gætt, þykir rétt með vísun til 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Kemur þá til álita fjárhæð skaðabótakröfunnar, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

Um 1. kröfulið, kr. 1476.00, er enginn ágreiningur.

2. kröfulið, kr. 1627.00, þykir rétt að taka til greina að fullu.

Bætur samkvæmt 3. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar 2500 krónur.

Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda helming ofangreindra fjárhæða, eða samtals kr. 2801.50 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn 1200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ragnheiði Árnadóttur, kr. 2801.50 með 5% ársvöxtum frá 3. okt. 1944 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1944.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. f. m., hefur Ragnheiður Árnadóttir, Laugavegi 160 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu, útgefinni 28. september s. l., gegn formanni Strætisvagna Reykjavíkur h/f. f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8103.00 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 3. f. m. til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Með stefnu, útgefinni 2. f. m., hefur stefnandi stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið stefnda, R 976, var tryggð hjá því.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar bótakröfunnar, og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

Miðvikudaginn 15. september 1943 var hún farþegi í strætisvagninum R 976, eign stefnda. Kom hún í vagninn gegnt heimili sínu og ók í honum niður Laugaveg. Rétt fyrir klukkan 17 nam vagninn staðar við Laugaveg 38, og fóru farþegar (kona með dreng) út um afturdyr vagnsins. Stefnandi fór á eftir þeim, en á meðan hún stóð á þrepinu utan dyra, var vagninum ekið af stað. Stefnandi hafði þá þegar búizt til að stíga niður á gangstéttina og stóð því öðrum fæti á þrepinu, en við kipp þann, er bifreiðin tók, skelltist afturhurðin í stefnanda, og missti hún þá jafnvægi og féll niður í gangstéttina. Kom hún þannig niður, að hægri fóturinn var snúinn um öklann, og brotnaði hann þar við fallið. Telur stefnandi bifreiðarstjórann hafa sýnt slíka vangæzlu með því að aka af stað, áður en farþegar þeir, sem erindi áttu úr vagninum, voru komnir út, að hann hafi átt alla sök slyssins, og beri stefnda því að bæta tjón það, er af hlaut.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að slys þetta hafi orðið bifreiðarstjóranum að vitalausu, þar eð stefnandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann var stöðvaður, og eigi hún því alla sök slyssins. Styður stefndi þessa staðhæfingu sína við vætti þeirra farþega, sem í vagninum voru, er slysið varð, og rannsóknarlögreglan fékk færi á að yfirheyra um aðdraganda slyssins. Ber vitnunum saman um það, að vagninn hafi ekið af stað, áður en stefnandi fór út úr honum, en þegar stefnandi og eitt þessara vitna sýndu á sér fararsnið, hafi einhver farþeganna hrópað til bifreiðarstjórans, að hann skyldi nema staðar, því að fleiri þyrftu að komast út. Hafi bifreiðarstjórinn orðið við þeim tilmælum, en stefnandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann var orðinn kyrr.

Það hefur komið fram í málinu, að frágangur afturhurðar bifreiðarinnar R 976 er slíkur, að hvorki getur bifreiðarstjórinn lokað dyrunum úr sæti sínu né heldur er í bifreiðinni ljósaútbúnaður, er gefi honum til kynna, hvort dyrnar eru opnar eða lokaðar. Slíkur frágangur á bifreið, þeirrar gerðar sem R 976, þykir valda því, að bifreiðarstjóranum ber að gæta aukinnar og sérstakrar

varkárni, er farþegar hans fara um afturdyrnar. Eigi er unnt að telja hann hafa gætt þessa sem skyldi, er slys þetta varð, þar eð hann ók af stað, án þess að ganga úr skugga um, að allir væru farnir, er fara vildu, og að afturdyrnar væru lokaðar, enda hefur staðhæfingu stefnanda um hið gagnstæða, er hún kom að þeim, ekki verið hnekkt, heldur hins vegar fengið stuðning af vætti konu þeirrar, er fór úr vagninum á eftir henni. Verður því samkvæmt 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 að telja bifreiðarstjórnann í bifreiðinni R 976 hafa átt nokkra sök á slysinu, og ber stefnda því að bæta tjón stefnanda, er af því hlaut. Hins vegar verður að telja það sannað með framburðum fyrrgreindra farþega, að stefnandi eigi meginsökina á umræddu slysi, þar sem hún beið eigi eftir stöðvun vagnsins. Með hliðsjón af 3. málsg. 34. gr. bifreiðalaga þykir þetta eiga að valda niðurfærslu bóta til hennar, og þykir hæfilegt að færa þær niður um $\frac{2}{3}$ hluta.

Varakröfu sína studdi stefndi öðrum þræði við það, að stefnandi ætti sjálf að nokkru sök á slysinu, og eru því atriði þegar gerð skil hér að framan. Þá hefur stefndi og mótmælt tveim liðum bótakröfunnar sem of háum, og verða kröfuliðirnir því teknir til athugunar hver um sig.

Stefnandi hefur skipt kröfu sinni svo:

1. Læknishjálp og bifreiðakostnaður kr. 876.00 +	
kr. 600.00 samtals	kr. 1476.00
2. Kostnaður af að láta aðra vinna heimilisstörf í	
forföllum stefnanda	— 1627.00
3. Þjáningabætur	— 5000.00
	Alls kr. 8103.00

Um 1. Kröfum þessum hefur ekki verið mótmælt, og verða þær því teknar til greina óbreyttar.

Um 2. Stefnandi hafði með höndum venjuleg húsfreyjustörf á heimili sínu fyrir eiginmann sinn og þrjú uppkomin börn þeirra. Er hún varð fyrir slysi þessu, tók dóttir hennar, Greta Steinþórsdóttir, við störfum hennar, en varð þá sjálf að hætta verksmiðjuvinnu, er hún hafði áður stundað. Kveðst stefnandi hafa verið ófær til vinnu í 3 mánuði og hafa greitt dóttur sinni laun fyrir þann tíma samkvæmt þeim kjörum, er hún hefði annars haft samkvæmt verkalaunasamningi Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, og námu þau fjárhæð kröfuliðsins. Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa liðs á þeim grundvelli, að ósannað sé, að stefnandi hafi verið svo lengi frá vinnu, sem haldið er fram. Samkvæmt vottorði heimilislæknis stefnanda lá hún í gipsumbúðum í 5 vikur og hafði síðan fótavist í 3 vikur með göngugips, sem kallað er, en ekki segir frekar um forföll stefnanda vegna slyssins. Með hliðsjón af þessu svo og öðru, sem upp er komið í málinu, þykir hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 1000.00.

Um 3. Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem allt of háum. Með hliðsjón af því, sem sagt var undir 2. lið um legu stefnanda, svo og öðrum læknisvottorðum og gögnum í málinu þykja bætur samkvæmt þesum lið hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda að $\frac{1}{3}$ hluta bætur þær, er að framan greinir, eða alls kr. 1492.00 auka vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f., greiði stefnanda, Ragnheiði Árnadóttur, kr. 1492.00 með 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1945.

Nr. 24/1945. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason)

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1945, krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins. Loks krefst hann, að honum verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að honum verði dæmdar bætur eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.